

Fundargerð stjórnar BÍS 24/2010.

Haldinn á heimili Braga Björnssonar, skátahöfðingja, miðvikudaginn 15. desember 2010 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna á þennan jólafund á heimili sínu.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
3. Starfsyfirlit skrifstofu, dagskrárráðs, fræðsluráðs og fundargerðir fararstjórnar Jamboree og landsmótsstjórnar lágu fyrir. Rætt var um framsetningu þessara gagna.
4. Erindi frá landsmótsstjórn: BB, HS og JA hafa haft samband við flesta félagsforingja og kannað viðhorf þeirra til lengdar landsmóts. Stjórn BÍS samþykkir að fela mótsstjórn að vinna áfram að undirbúningi mótsins skv. samþykkt Skátáþings.
5. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók
6. Heimsþing WOSM 2011: Samþykkt að fela sendinefnd BÍS atkvæði Íslands á þinginu. Einnig var HSG falið að rita bréf þar sem BÍS lýsir opinberlega stuðningi við framboð Karin Ahlbäck, Finnlandi, til heimsstjórnar WOSM.
7. Lagamál: Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingartillögu við 11. grein tillögu laganefndar, sem hljóðar svo eftir breytingu:

11. grein

Hvert skátafélag er sjálfstæður lögaðili. Skátafélög starfa eftir þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyfingarinnar, Baden-Powell, setti skátastarfi í skátaheiti og skátalögum. Einnig starfa þau eftir lögum og reglugerðum BÍS, æskulýðslögum og öðrum landslögum sem snerta starfsemi þeirra.

Meginhlutverk skátafélaga er að standa fyrir reglubundnu skátastarfi fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-22 ára sem starfa að jafnaði í aldursskiptum skátasveitum sem skipað er í flokka.

Skátafélög samanstanda að jafnaði af skátum á aldrinum 7 til 22 ára, sem skipað er í sveitir og flokka, auk skátaforingja og annarra fullorðinna.

Öll skátafélög eiga jafnan rétt til þeirrar þjónustu sem BÍS getur látið í té.

8. Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni: FF kynnti hugmynd hóps sem falið var að gera tillögu að rekstrarfyrirkomulagi ÚSÚ. Hópurinn leggur til að Úlfljótsvatnsráð verði lagt niður og stofnað verði EHF um reksturinn sem SSR og BÍS eigi. Tillaga þessi verður lögð fyrir Úlfljótsvatnsráð til afgreiðslu.
9. Önnur mál:
 - a. Þakkarbréf frá forseta Íslands: Borist hefur bréf frá forseta Íslands þar sem hann þakkar BÍS fyrir þátttökuna í Forvarnardeginum 2010.

- b. Bréf frá SSR: Borist hefur bréf frá SSR með athugasemdum við fundargerð stjórnar BÍS 22/2010. Stjórn BÍS hefur mótttekið athugasemdirnar en telur ekki ástæðu til að breyta fundargerðinni.
 - c. Athugasemdir frá SSR vegna styrkveitingar til BÍS: SSR gerir athugasemdir við það að BÍS hafi sótt um styrk í Forvarna og framfarasjóð Reykjavíkur án samráðs við SSR. Stjórn BÍS telur að ekki sé óeðlilegt að BÍS sækir um styrki til opinberra sjóða, óháð staðsetningu þeirra, án samráðs við aðra aðila. Gera verður þá kröfu til sjóðsstjórna að þær meti verkefnin sem lögð eru fram á eigin forsendum.
 - d. Framboðsmál á Skátaþingi 2011: MVG upplýsti að hún hyggist láta af störfum á Skátaþingi vegna breyttra aðstæðna. Þá upplýsti HH að hún hyggist ekki gefa kost á sér til endurkjörs.
10. Umræðuefni: Starfsáætlun og fjárhagsáætlun: HS mun senda tillögur með skýringum til stjórnar.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið og sest að hátíðarkvöldverði kl. 19:00

Fundargerð ritaði JA